

Til Bæjarráðs

Sæl,

Íslandsmót barna og unglunga í hestaíþróttum verður haldið á Brávöllum Selfossi á vegum hestamannafélagsins Sleipnis 18.-21. júní.

Félagið óskar eftir fjárhagslegum stuðningi sveitarfélagsins til að standa straum af kostnaði vegna mótsins sem er áætlaður 1-1,5 milljón krónur. Þar er dómarakostnaður stærstur, 600 þúsund, matarkostnaður um 400 þúsund og verðlaunapeningar og bikarar um 400 þúsund.

Mótið mun draga að sér mikinn fjölda fólks, keppendur og fjölskyldur þeirra en ætla má að um 100 börn og unglingar taki þátt í mótinu og meirihluti þeirra keppi í mörgum greinum. Íslandsmótsnefnd Sleipnis mun skipuleggja með ofangreint í huga hvað varðar takmarkanir á fjölda fullorðinna á svæðinu í einu.

Stuttur tími er til stefnu vegna þess hve seint var mögulegt að taka ákvörðun um að halda áður auglýst íslandsmót barna og unglunga.

Bestu kveðjur,  
Sigríður Magnea Björgvinsdóttir  
Formaður Sleipnis